

**Ed.**

**208. Frumvarp til laga**

**[197. mál]**

um veitingu prestakalla.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

**I. KAFLI**

**Um val á sóknarpresti.**

**1. gr.**

Þegar prestakall losnar og prestur er eigi kallaður til embættis, sbr. 7. gr., auglýsir biskup kallið með hæfilegum umsóknarfresti.

**2. gr.**

Að liðnum umsóknarfresti sendir biskup prófasti hlutaðeigandi prófastsdæmis, sé hann eigi umsækjandi, svo og sóknarnefndarmönnum prestakallsins skrá yfir þá er sótt hafa, ásamt skýrslu um aldur þeirra, náms- og embættisferil og störf. Jafnframt sendir hann prófasti nægilega marga atkvæðaseðla með nöfnum umsækjenda og felur honum að boða kjörmenn prestakallsins á sameiginlegan fund innan tiltekins tíma.

Kjörmenn eru sóknarnefndarmenn í hlutaðeigandi prestakalli. Varamenn taka sæti aðalmanna ef forfallaðir eru.

Sé prófastur héraðsins umsækjandi um kallið nefnir biskup til annan prófast í hans stað.

**3. gr.**

Kjörmannafundur er lokaður og stýrir prófastur honum.

Á fundinum skulu umsóknir ásamt umsögnum biskups liggja frammi til athugunar og eru umsagnirnar algjört trúnaðarmál.

Að lokinni athugun gagna fer fram val á umsækjanda þegar á þeim fundi eða í síðasta lagi innan tveggja sólarhringa ef ósk um frestun kemur fram frá kjörmanni eða prófasti.

Atkvæðagreiðslan er leynileg.

Prófastur afhendir hverjum kjörmanni atkvæðaseðil og setur kjörmaður kross fyrir framan nafn þess er hann velur. Að loknu vali eru atkvæði talin á kjörmannafundi. Ef umsækjandi er einn telst val hans bindandi hafi hann hlotið  $\frac{2}{3}$  atkvæða.

Ef umsækjendur eru fleiri nægir helmingur atkvæða.

Nú eru umsækjendur þrír eða fleiri og enginn hefur hlotið helming greiddra atkvæða. Skal þá endurtaka valið bundið þannig að sá sem fæst atkvæði hefur hlotið við síðustu atkvæðagreiðslu fellur úr.

Nú er valið milli tveggja umsækjenda og hvorugur hlýtur helming greiddra atkvæða, er þá valið ekki bindandi.

Nú vill meiri hluti kjörmanna hafna umsækjendum með því að skila auðum atkvæðaseðlum og er þá ráðherra óheimilt að veita embættið.

**4. gr.**

Að loknum kjörmannafundi skal prófastur hlutast til um að sóknarnefnd eða nefndir hlutaðeigandi prestakalls kynni á almennum safnaðarfundi eða á annan sannanlegan hátt, innan sjö daga frá því að fundi lauk, hver hafi verið valinn eða hverjir hafa hlotið flest atkvæði sé valið eigi bindandi.

**5. gr.**

Nú berst skrifleg ósk um það, frá minnst 25 af hundraði atkvæðisbærra sóknarbarna í prestakallinu, innan sjö daga frá því að niðurstöður voru kynntar, sbr. 4. gr., að almennar

prestskosningar fari fram í prestakallinu og er þá skylt að verða við því. Fjöldi atkvæðisbærra manna miðast við þá sem eru skráðir í þjóðkirkjuna í prestakallinu samkvæmt þjóðskrá 1. desember næst á undan. Ef ágreiningur rís um hvort almenn kosning eigi að fara fram úrskurðar yfirkjörstjórn, sbr. 9. gr., um það. Framkvæmd kosningar fer fram eftir ákvæðum III. kafla laga þessara.

6. gr.

Nú er ekki óskað eftir almennum kosningum, sbr. 5. gr., og skal þá prófastur senda biskupi afrit af gerðabók kjörmannafundar ásamt staðfestingu þess að niðurstöður hafi verið kynntar, sbr. 4. gr.

Biskup sendir kirkjumálaráðherra niðurstöður kjörmannafundar ásamt umsögn sinni.

Ráðherra veitir þeim embættið sem hlotið hefur bindandi val en ákvarðar að öðrum kosti veitingu að fenginni umsögn biskups.

## II. KAFLI

### Um köllun.

7. gr.

Heimilt er kjörmönnum að kalla prest.

Ef  $\frac{3}{4}$  kjörmanna prestakallsins eru einhuga um að kalla tiltekinn prest eða guðfræðikandidat án umsóknar gera þeir prófasti viðvart um það í tæka tíð en hann tilkynnir biskupi sem felur þá prófasti að boða kjörmenn prestakallsins á sameiginlegan fund innan viku og er þá embættið eigi auglýst.

Samþykki  $\frac{3}{4}$  kjörmanna að kalla tiltekinn mann til embættis sem lögum samkvæmt á rétt til prestsembættis í íslensku þjóðkirkjunni skal biskup birta köllunina þeim presti eða kandidati sem í hlut á. Taki hann köllun skal veita honum embættið tímabundið en eigi lengur en til fjögurra ára í senn.

## III. KAFLI

### Um kosningu.

8. gr.

Jafnskjótt og prófastur hefur fengið í hendur óskir frá lögboðnum fjölda atkvæðisbærra manna í prestakallinu um almenna kosningu, sbr. 5. gr., skal hann hefja kosningarundirbúning.

Biskup ákveður í samráði við prófast hvenær kosning skuli fara fram. Biskup annast prentun kjörseðla. Sendir hann prófasti hæfilegan fjölda kjörseðla. Prófastur sendir síðan kjörstjórnnum. Á kjörseðla skal prenta nöfn umsækjenda í stafrófsröð.

Prófastur auglýsir hvenær og hvar kosning skuli fara fram og hverjir séu í kjöri. Nú er prófastur í kjöri og tilnefnir þá biskup annan í hans stað. Í prestakalli, þar sem eru fleiri en ein sókn, skal kosning fara fram í öllum sóknum á sama degi.

9. gr.

Í hverri sókn skal vera kjörstjórn skipuð þremur mönnum, kjörnum af sóknarnefnd á fyrsta fundi eftir hverjar kosningar til sóknarnefnda. Sóknarnefnd kýs formann kjörstjórnar.

Heimilt er sóknarnefnd að skipta sókn í kjördeildir. Skal þá kjósa þriggja manna undirkjörstjórnir er annist framkvæmd kosninga í hverri kjördeild. Enn fremur er sóknarnefndum heimilt að sameinast um kjördeild að fengnu samþykki prófasts.

10. gr.

Í hverju prófastsdæmi skal vera yfirkjörstjórn skipuð prófasti og tveimur mönnum kjörnum af héraðsfundi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum varamönnum. Að jafnaði skal vera löglærður maður í yfirkjörstjórn.

11. gr.

Kjörstjórn annast gerð kjörskrár í hverri sókn. Skal hún lögð fram eigi síðar en fjórum vikum fyrir kjördag.

Kjörskrá skal liggja frammi til sýnis hið minnsta í tvær vikur á hentugum stað er kjörstjórn auglýsir samkvæmt því sem venja er að birta opinberar auglýsingar á þeim stað.

12. gr.

Hver sá, sem kæra vill að einhvern vanti á kjörskrá eða sé ofaukið þar, þarf að hafa afhent formanni kjörstjórnar kæru sína, ásamt rökum og gögnum máli sínu til stuðnings, eigi síðar en tveimur vikum fyrir kjördag. Sé kæran um það að einhver sé á skrá tekinn sem ekki hafi rétt til að standa þar skal formaður senda þeim sem yfir er kært eftirrit af kærinni.

13. gr.

Aðfinnslum þeim við kjörskrána, sem fram eru komnar, skal hlutaðeigandi kjörstjórn úrskurða í síðasta lagi viku fyrir kjördag. Skal gefa þeim, er kæran varðar, kost á að tjá sig og koma að gögnum áður en kæran er úrskurðuð.

Úrskurði kjörstjórnar má áfrýja til yfirkjörstjórnar. Hún skal hafa úrskurðað fram komnar kærur degi fyrir kjördag. Eftir þetta verður engin breyting gerð á kjörskránni.

14. gr.

Á kjörskrá skal taka þá sem voru í íslensku þjóðkirkjunni og áttu lögheimili í prestakallinu 1. desember næst á undan og hafa náð 16 ára aldri þegar kosning fer fram, sbr. 7. og 10. gr. laga nr. 25/1985.

15. gr.

Peir sem staddir eru eða gera ráð fyrir að vera staddir utan sinnar sóknar þegar kosning fer fram og af þeim sökum geta ekki sótt kjörfund hafa heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar samkvæmt þeim reglum sem settar eru í lögum þessum.

16. gr.

Atkvæðagreiðala utan kjörfundar fer fram hjá formönnum kjörstjórna eða öðrum úr kjörstjórn er formaður tilnefnir.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar getur hafist þá er tvær vikur eru til kjördags.

Kjörstjórn auglýsir í samráði við prófast hvar og hvenær atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fari fram.

Heimilt er að binda atkvæðagreiðslu við ákveðinn tíma á degi hverjum þó eigi skemur en klukkustund. Tilgreina skal í fundargerðabók hverjir greiði atkvæði utan kjörfundar.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið ákveður gerð atkvæðaseðla fyrir atkvæðagreiðslu utan kjörfundar og kveður nánar á um framkvæmd hennar.

17. gr.

Þegar að lokinni kosningu sendir kjörstjórn yfirkjörstjórn kjörkassa, fundargerðir og önnur kjörgögn. Talning atkvæða fer fram hjá yfirkjörstjórn er hún hefur fengið öll kjörgögn í hendur. Yfirkjörstjórn tilkynnir biskupi úrslit kosningar og sendir honum afrit úr gerðabók. Biskup sendir kirkjumálaráðherra úrslitin ásamt umsögn sinni.

Hafi helmingur kjósenda í prestakallinu greitt atkvæði og fái einhver umsækjanda meiri hluta greiddra atkvæða er kosningin bindandi og fær kjörinn prestur veitingarbréf ráðherra fyrir prestakallinu. Að öðrum kosti ákvarðar ráðherra veitinguna.

18. gr.

Nú er aðeins einn umsækjandi í kjöri og fer þá fram kosning með sama hætti. Kjósundur, sem hafna vilja honum, skila auðum atkvæðaseðli.

Greiði helmingur kjósenda atkvæði en umsækjandi fær ekki fullan helming greiddra atkvæða er óheimilt að veita honum embættið.

19. gr.

Prestskosningar má kæra skriflega fyrir yfirkjörstjórn innan viku frá því að kosning fór fram. Getur yfirkjörstjórn ógilt kosninguna og fyrirskipað nýja ef verulegir gallar eru á undirbúningi eða framkvæmd hennar.

Áður en yfirkjörstjórn úrskurðar skal hún leita umsagna kjörstjórna. Úrskurði yfirkjörstjórnar má áfrýja til nefndar er í eiga sæti biskup og tveir menn tilnefndir af kirkjumálaráðherra.

20. gr.

Með þeim frávikum, sem lög þessi ákveða og eftir því sem við getur átt, skulu lög um kosningar til Alþingis, nr. 52 frá 14. ágúst 1959, gilda um framkvæmd prestskosninga.

21. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 32 frá 3. nóvember 1915, um veitingu prestakalla.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var samið af nefnd er skipuð var 20. júlí 1977 af þáverandi kirkjumálaráðherra, Ólafi Jóhannessyni. Nefndin skilaði álit á árinu 1978. Frumvarpið var lagt fram á 100. löggjafarþingi 1978–1979 en hlaut ekki afgreiðslu. Frumvarpið er að nýju lagt fram nær því óbreytt. Aðeins hefur verið gerð breyting á 14. gr. til samræmis við ákvæði laga nr. 25/1985.

Hér á eftir fylgir greinargerð nefndarinnar ásamt nefndarálit:

Frumvarp þetta er samið af nefnd er skipuð var af kirkjumálaráðherra Ólafi Jóhannessyni með bréfi dags. 20. júlí 1977. Um skipun nefndarinnar, vinnubrögð og niðurstöðu vísast til meðfylgjandi meirihlutaneftarálits.

Frumvarpið gerir í fyrsta lagi ráð fyrir því sem aðalreglu að svokallaðir kjörmenn, sem eru sóknarnefndarmenn í hverri sókn, velji presta með leynilegu vali. Að meginefni til er byggt á sömu hugmynd og fram kemur í frumvarpi kirkjuþings um veitingu prestakalla sem samþykkt var á kirkjuþinginu 1972 og síðan aftur 1976. Í þessu frumvarpi er þó vikið frá ákvæðum frumvarps kirkjuþings í einstökum atriðum. Gert er t.d. ráð fyrir að talning atkvæða fari fram heima í héraði. Sé prestur ekki kallaður, sbr. II. kafla frumvarpsins, skal kjörmannafundur í öllum tilfellum velja prest. Skylt er að endurtaka kosningu á kjörmannafundi ef fleiri en tveir umsækjendur eru í framboði og enginn fær meiri hluta greiddra atkvæða. Slíkt ákvæði var eigi í frumvarpi kirkjuþings.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að unnt sé að kalla prest til þjónustu ef  $\frac{3}{4}$  kjörmanna óska þess. Svipað ákvæði var í frumvarpi kirkjuþings. Hins vegar er það nýmæli að embættið sé veitt tímabundið þegar prestur er kallaður.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að almennar prestskosningar geti farið fram ef 25 af hundraði atkvæðisbærra sóknarbarna í prestakallinu krefjast þess að loknu vali kjörmanna.

Í III. kafla frumvarpsins eru ákvæði um almennar prestskosningar. Fylgt er að mestu ákvæðum nógildandi laga um prestskosningar en hér eru þó nokkur nýmæli. Í nógildandi lögum eru fábrotin ákvæði um gerð kjörskrár. Úr þessu er bætt og settar skýrar og ótvíræðar reglur um það hverjir eigi rétt á að kjósa í prestskosningum. Í frumvarpinu eru ákvæði um utankjörfundaratkvæðagreiðslu og er það nýmæli. Ýmsum ákvæðum nógildandi laga um framkvæmd sjálfrar kosningarinnar er sleppt og vísað þess í stað til laga um kosningar til Alþingis.

Á kjörmannafundi þarf umsækjandi að fá helming greiddra atkvæða séu umsækjendur fleiri en einn en  $\frac{2}{3}$  ef einn er í kjöri ef valið á að vera bindandi fyrir ráðherra.

Í almennum kosningum þarf kosningaþátttaka að vera 50 af hundraði og einhver umsækjenda að fá helming greiddra atkvæða til þess að kosning sé bindandi.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Ákvæði greinarinnar er í samræmi við nógildandi lög að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að köllun geti átt sér stað og er þá prestsembættið ekki auglýst.

Um 2. gr.

Hér er fjallað um aðdraganda og undirbúning kjörmannafunda, sbr. 3. gr.

Um 3. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli.

Hér er gert ráð fyrir að kjörmenn velji prest í embætti. Kjörmenn eru sóknarnefndarmenn. Að meginstefnu til er hér um sams konar ákvæði að ræða og eru í frumvörpum kirkjubings frá 1972 og 1976. Í þessu frumvarpi er þó miðað við að talning atkvæða fari fram á kjörmannafundi en svo er ekki í frumvörpum kirkjubings. Eins er það nýmæli að gert er ráð fyrir að valið verði endurtekið ef þrír eða fleiri umsækjendur eru í kjöri og enginn fær helming greiddra atkvæða. Sá sem fæst atkvæði hlýtur við síðustu atkvæðagreiðslu fellur út.

Um 4. gr.

Hér segir, að prófastur skuli hlutast til um að niðurstaða kjörmannafundar verði kynnt á almennum safnaðarfundum eða á annan sannanlegan hátt.

Ákvæði þetta ber að skoða í samhengi við 5. gr.

Um 5. gr.

Hér er opnuð leið fyrir ákveðinn fjölda sóknarmanna eða 25 af hundraði til þess að krefjast almennra kosninga ef þeir una ekki niðurstöðu kjörmannafundar. Hér er farið inn á nýja leið er ætti að verða til málamíðlunar og sætta hin ólíku sjónarmið þeirra er vilja afnema alfarið prestskosningu og þeirra er vilja óbreytt ástand.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 7. gr.

Í öllum frumvörpum, er kirkjubing hefur samþykkt á undanförunum árum um veitingu prestakalla, hafa verið ákvæði um köllun.

Ákvæði þessarar greinar eru að því leyti frábrugðin ákvæðum kirkjubings að gert ráð fyrir að prestur, sem er kallaður, fái tímabundna veitingu.

Um 8. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nánast í samræmi við núverandi framkvæmd. Eins og nú er auglýsir biskup kosningu en hér er gert ráð fyrir að prófastur auglýsi hvar og hvenær kosning fari fram. Er það í samræmi við það að framkvæmd kosningar hvílir fyrst og fremst á prófasti.

Um 9. gr.

Hér er það nýmæli að kjörstjórn er kosin sérstaklega en sóknarnefnd sér ekki um framkvæmd kosningar eins og nú er. Telja verður það heppilegra þar sem sóknarnefnd hefur þegar haft afskipti af vali sóknarprests, sbr. 3. gr.

Um 10. gr.

Í hverju kjördæmi skal vera yfirkjörstjórn. Hlutverk hennar er m.a. að úrskurða kjörskrármál. Komið getur upp ágreiningur um lagatúlkun. Þykir því rétt að hafa það sem meginreglu að löglærður maður sitji í yfirkjörstjórn.

Um 11. gr.

Lengdir eru frestir til framlagningar kjörskrár frá því sem nú gildir. Kjörskrá skal leggja fram fjórum vikum fyrir kjördag og skal hún liggja frammi til sýnis í tvær vikur.

Um 12. gr.

Þessi grein fjallar um kæru út af kjörskrá og er samsvarandi 3. gr. núgildandi laga þótt efnislega sé hún breytt. Kjörstjórn ber að hafa lokið störfum í síðasta lagi viku fyrir kjördag.

Um 13. gr.

Hér er það nýmæli að unnt er að áfrýja úrskurði kjörstjórnar um kjörskráratriði til yfirkjörstjórnar.

Eftir að yfirkjörstjórn hefur gengið frá kjörskránni verður henni ekki breytt.

Um 14. gr.

Skv. 1. gr. laga um veitingu prestakalla hafa sóknarmenn, sem hafa atkvæðisrétt á safnaðarfundum, atkvæðisrétt í prestskosningum.

Skv. 10. gr. laga nr. 25/1985, um kirkjusóknir, safnaðarfundum, sóknarnefndir, héraðsfundi o.fl., er kosningarréttur og kjörgengi á safnaðarfundum og í öðrum opinberum kosningum innan þjóðkirkjunnar bundinn við 16 ár. Er því ákvæði 14. gr. um kosningaaldur í samræmi við gildandi reglur. Fyrir gildistöku laga nr. 25/1985 miðaðist kosningarréttur í prestskosningum við lögræðisaldur. Nefnd sú, er samdi frumvarpið, lagði til að miðað væri við 18 ár.

Um trúfélagsskráningu og búsetu í prestakallinu er hér alfarið miðað við skráningu Hagstofu 1. desember næstliðinn. Er þetta einnig í samræmi við ákvæði 7. gr. laga nr. 25/1985.

Um 15. gr.

Ákvæði um utankjörfundaratkvæðagreiðslu er nýmæli. Ýmsir hafa bent á nauðsyn þess að þeir sem fjarverandi eru á kjördegi fái tækifæri til þess að kjósa, t.d. þeir sem stunda atvinnu fjarri heimili á kjördegi.

Um 16. gr.

Hér er tekið nánar fram um hvernig atkvæðagreiðsla fari fram.

Ekki þótti tækt að hafa sama hátt á og í kosningum til Alþingis eða sveitarstjórna.

Hér er gert ráð fyrir að atkvæðagreiðsla fari fram hjá kjörstjórnnum, formanni eða öðrum kjörstjórnarmanni. Að öðru leyti fer atkvæðagreiðsla fram á sama hátt og við venjulega utankjörstaðaratkvæðagreiðslu.

Um 17. gr.

Hér er gerð breyting á núverandi fyrirkomulagi. Samkvæmt nógildandi lögum fer talning atkvæða fram hjá yfirkjörstjórn í Reykjavík að þremur dögum liðnum frá kosningu. Ekki er talin ástæða til að hafa annan hátt á um talningu, en er í kosningum til Alþingis eða sveitarstjórna og er því gert ráð fyrir að talning fari fram í héraði og geti hafist strax að kosningu lokinni.

Um 18. gr.

Ákvæði greinarinnar er að mestu í samræmi við nógildandi lög.

Um 19. gr.

Samkvæmt ákvæðum greinarinnar má kæra kosningu til yfirkjörstjórnar er leggur úrskurð á málið. Þeim úrskurði má áfrýja til nefndar er í eiga sæti biskup og tveir menn tilnefndir af kirkjumálaráðherra. Hér er um svipað ákvæði að ræða og er í almennum kosningalögum.

Um 20. gr.

Í frumvarpi þessu eru fá ákvæði um sjálfa framkvæmd kosninganna. Í þessari grein er vísað til laga um kosningar til Alþingis um framkvæmd eftir því sem við getur átt. Á það einkum við um kosningaathöfnina sjálfa, kjörklefa og kjörstað, talningu atkvæða og úrskurð um atkvæði o.fl. þess háttar.

## Fylgiskjal I.

Spurningaseðill, er nefndin sendi til allra sóknarnefndarmanna og safnaðarfulltrúa:

**Vinsamlegast merkið við þá kosti, sem yður þykja bestir sbr. bréf.**

1.  Óbreytt ástand verði frá því sem nú er um veitingu prestakalla.
2.  Ráðherra veiti eða skipi presta að fenginni umsögn sóknarnefnda og biskups.
3.  Lögfest verði frumvarp, sem samþykkt var á Kirkjuþingi 1972 og 1976, lítið eða ekkert breytt.
4.  Sett verði lög, sem geri ráð fyrir því að sú meginregla gildi, sem fram kemur í frumvarpi Kirkjuþings 1972 og 1976, en skylt verði að láta kosningar fara fram, ef þess er krafist af ákveðnum hluta sóknarbarna (t.d. 25%).

Sérstaklega er spurt um, hvort þér teljið að lögleiða beri ákvæði um heimild til að kalla prest, sbr. 6. gr. frumvarps Kirkjuþings, hver hinna ofangreindu kosta, sem verður valinn.

JÁ

NEI

## Fylgiskjal II.

Bréf er nefndin sendi með spurningaseðlinum til allra sóknarnefndarmanna og safnaðarfulltrúa landsins:

Reykjavík, 1. desember 1977.

Til sóknarnefndarmanna  
og safnaðarfulltrúa.

Svo sem yður mun kunnugt hafa átt sér stað allmiklar umræður á undanförunum árum um veitingu prestakalla samkvæmt lögum nr. 32 frá 5. nóvember 1915.

Ekki hafa menn verið á einu máli um breytingar.

Nokkrum sinnum hefur málið verið lagt fyrir Alþingi án þess að það tæki endanlega afstöðu til þess.

Hinn 20. júlí s. l. skipaði Ólafur Jóhannesson, dómsmálaráðherra nefnd til að endurskoða löggin um veitingu prestakalla. Nefndin er þannig skipuð:

Gunnlaugur Finnsson, alþm., formaður

Friðjón Þórðarson, alþm.

Frú Geirprúður Hildur Bernhöft, cand. theol., Reykjavík

Frú Guðrún Ásgeirsdóttir, Mælifelli, Skagafirði

Séra Sigurður H. Guðmundsson, Hafnarfirði.

Starfsmaður nefndarinnar er Þorleifur Pálsson, deildarstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Nefndin hefur ákveðið að leita álits allra sóknarnefndarmanna og safnaðarfulltrúa í landinu varðandi einstök efnisatriði í von um góðar undirtektir, svo það megi verða til þess að auðvelda störf nefndarinnar.

Könnun þessi er leynileg.

Þér eruð vinsamlega beðin(n) að merkja með bókstafnum A í auða reitinn við þann valkost, sem þér teljið bestan og með B við þann sem þér teljið næstbestan, en setja X í annan hvorn reitinn varðandi aukaspurninguna. Setja síðan spurningablaðið inn í útanáritaða umslagið og loka því vandlega. Rita svo nafn yðar á meðfylgjandi seðil, svo hægt sé að fylgjast með kosningabátttöku og setja loks hvoru tveggja inn í áritaða umslagið.

Varðandi einstakar spurningar skal þetta tekið fram: 1. og 2. liður skýra sig sjálfir. 3. liður. Meðfylgjandi er frumvarpið sem Kirkjubíngið samþykkti 1972 og 1976, svo menn geti kynnt sér það. 4. liður. Megintilgangurinn með þessari spurningu er að kanna, hvort vilji er fyrir hendi að einfalda leiðir til vals á sóknarpresti, án þess að útiloka almennar kosningar, ef þess er óskað af tilteknum fjölda sóknarbarna í viðkomandi sókn eða sóknunum.

Hægt er í lagasetningu að ákveða, hvaða form yrði á haft, en sú hugmynd hefur komið fram hjá nefndinni, að val sóknarnefndar eða nefnda öðlist ekki gildi fyrr en í fyrsta lagi eftir að það hefur verið tilkynnt á almennum safnaðarfundum og útrunninn er nánar tiltekinn frestur fyrir sóknarbörn að setja fram kröfu eða ósk um kosningar.

Þess er óskað að þér bregðist vel við og endursendið svör yðar við fyrsta tækifæri og pósthleggið þau fyrir 30. desember n. k.

Þeir sem kynnu að vera hættir störfum sem sóknarnefndarmenn eða safnaðarfulltrúar, en fá þetta bréf, eru vinsamlega beðnir að koma þessum gögnum í hendur eftirmanna sinna. Eru sóknarnefndarmenn sérstaklega beðnir að fylgjast með því.

Virðingarfyllst,  
f.h. nefndarmanna  
Gunnlaugur Finnsson, alþm.



### Fylgiskjal III.

Skýrsla um prestaköll, sem auglýst hafa verið og sótt hefur verið um frá og með árinu 1965 og til 30. október 1978 og um fjölda umsækjenda:

	Prestaköll	Fjöldi umsækjenda
1965:		
	1. Stóra-Núpsprestakall, Árn. ....	1
	2. Valbjófsstaðarprestakall, Múli. ....	1
	3. Stafholtsprestakall, Borg. ....	1
	4. Víkurprestakall, Skaft. ....	1
	5. Stykkishólmsprestakall, Snæf.-Dala. ....	3
	6. Æsustaðarprestakall, Hún. ....	1
	7. Bíldudalsprestakall, Barð. ....	1
1966:		
	8. Möðruvallaklaustursprestakall, Eyj. ....	2
	9. Garðarprestakall, Kjal. ....	4
	10. Miklabæjarprestakall, Skag. ....	1
	11. Laufásprestakall, Þing. ....	2
	12. Bíldudalsprestakall, Barð. (aftur) ....	1
	13. Hofsprestakall, Vopnafirði, Múl. ....	1
	14. Vallanesprestakall, Múl. ....	1
	15. Hofsósprestakall, Skag. ....	1
	16. Hríseyjarprestakall, Eyj. ....	1
1967:		
	17. Saurbæjarprestakall, Borg. ....	1
	18. Mosfellsprestakall, Árn. ....	1
	19. Sauðanesprestakall, Þing. ....	1
	20. Skinnastaðarprestakall, Þing. ....	1
	21. Eskifjarðarprestakall, Austfj. ....	1
	22. Hallgrímsprestakall, Rvík. ....	6
	23. Laugalandsprestakall, Eyj. ....	1
	24. Siglufjarðarprestakall, Eyj. ....	1
	25. Bíldudalsprestakall, Barð. (aftur) ....	1
	26. Holtsprestakall, Barð. (aftur) ....	1
	27. Þingeyraklaustursprestakall, Hún. ....	1
	28. Seyðisfjarðarprestakall, Múl. ....	1
	29. Möðruvallaklaustursprestakall, Eyj. ....	1
	30. Ólafsfjarðarprestakall, Eyj. ....	1
	31. Hveragerðisprestakall, Árn. ....	3
1969:		
	32. Holtsprestakall, Önundarfirði, Ísafj. ....	1
	33. Norðfjarðarprestakall, Austfj. ....	1
	34. Stafholtsprestakall, Borg. ....	1

	Fjöldi umsækjenda
1970:	
35. Kirkjuhvolsprestakall, Rang. ....	1
36. Grensásprestakall, Rvík. ....	1
37. Stóra-Núpsprestakall, Árn. ....	2
38. Patreksfjarðarprestakall, Barð. ....	1
39. Ólafsvíkurstakall, Snæf.-Dala. ....	1
40. Hveragerðisprestakall, Árn. (aftur) ....	1
41. Reykhólaprestakall, Barð. ....	1
42. Árbæjarprestakall, Rvík. ....	2
1971:	
43. Hjarðarholtsprestakall, Snæf.-Dala. ....	1
44. Siglufjarðarprestakall, Eyj. (aftur) ....	1
45. Sauðárkróksprestakall, Skag. ....	1
46. Digranesprestakall, Rvík. ....	4
47. Kársnesprestakall, Rvík. ....	3
48. Selfossprestakall, Árn. ....	3
1972:	
49. Söðulholtsprestakall, Snæf.-Dala. ....	1
50. Mælifellsprestakall, Skag. ....	1
51. Breiðholtsprestakall, Rvík. ....	2
52. Nesprestakall, Rvík. ....	3
53. Reykhóltsprestakall, Borg. ....	1
54. Vopnafjarðarprestakall, Múl. (aftur) ....	1
1973:	
55. Eyrarbakkaprestakall, Árn. ....	1
56. Dómkirkjuprestakall, Rvík. ....	2
57. Eskifjarðarprestakall, Austfj. ....	1
58. Ólafsvíkurstakall, Snæf.-Dala. ....	1
59. Vallanesprestakall, Múl. ....	1
60. Ólafsfjarðarprestakall, Eyj. ....	1
61. Grensásprestakall, Rvík. ....	2
62. Hvanneyrarprestakall, Borg. ....	1
63. Bolungarvíkurprestakall, Borg. ....	1
64. Kirkjuhvolsprestakall, Rang. ....	1
65. Norðfjarðarprestakall, Austfj. ....	1
1974:	
66. Seyðisfjarðarprestakall, Múl. ....	1
67. Staðarstaðarprestakall, Snæf. ....	1
68. Bjarnarnesprestakall, Skaft. ....	2
69. Hallgrímsprestakall, Rvík. ....	2
70. Stóra-Núpsprestakall, Árn. ....	1
71. Akranesprestakall, Borg. ....	3

	Fjöldi umsækjenda
1975:	
72. Njarðvíkurprestakall, Kjal. ....	1
73. Keflavíkurprestakall, Kjal. ....	1
74. Fellaprestakall, Rvík. ....	1
75. Raufarhafnarprestakall, Þing. ....	1
76. Staðarfellsprestakall, Þing. ....	1
77. Reynivallaprestakall, Kjal. ....	1
78. Setbergsprestakall, Snæf.-Dala. ....	1
79. Bergþórshvolsprestakall, Rang. ....	1
80. Nesprestakall, Rvík. ....	2
81. Bíldudalsprestakall, Barð. ....	1
1976:	
82. Mosfellsprestakall, Kjal. ....	4
83. Vestmannaeyjaprestakall, Kjal. ....	1
84. Mosfellsprestakall, Kjal. ....	2
85. Dómkirkjuprestakall, Rvík. ....	2
86. Háteigsprestakall, Rvík. ....	3
87. Reykhólaprestakall, Barð. ....	1
88. Laugarnesprestakall, Rvík. ....	2
89. Sauðárkróksprestakall, Skag. ....	1
90. Stykkishómsprestakall, Snæf.-Dala. ....	1
1977:	
91. Hafnarfjarðarprestakall, Kjal. ....	2
92. Víðistaðaprestakall, Kjal. ....	1
93. Siglufjarðarprestakall, Eyj. ....	1
94. Ólafsfjarðarprestakall, Eyj. ....	1
95. Eskifjarðarprestakall, Austfj. ....	2
96. Vallanesprestakall, Múl. ....	1
97. Hálsprestakall, Þing. ....	1
98. Bólstaðarhlíðarprestakall, Hún. ....	1
99. Hjarðarholtsprestakall, Snæf.-Dala. ....	1
100. Ísafjarðarprestakall, Ísafj. ....	1
101. Norðfjarðarprestakall, Austfj. ....	1
1978:	
102. Melstaðarprestakall, Hún. ....	1
103. Hólaprestakall, Skag. ....	1
104. Miklabæjarprestakall, Skag. ....	1
105. Reykholtsprestakall, Borg. ....	1

**Niðurstaða:**

79 prestaköll ....	1
15 prestaköll ....	2
7 prestaköll ....	3
3 prestaköll ....	4
0 prestaköll ....	5
1 prestaköll ....	6

## Fylgiskjal IV.

### Umsögn 11. Kirkjuþings 1978.

Umsögn Kirkjuþings um drög að frumvarpi meiri hluta og tillögur minni hluta nefndar, sem endurskoðar lög um veitingu prestakalla:

Kirkjuþing 1978 hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um veitingu prestakalla, samið af nefnd sem dóms- og kirkjumálaráðherra skipaði 20. júlí 1977 til að endurskoða lög um veitingu prestakalla.

Kirkjuþing áréttar fyrri ályktanir sínar um breytta skipan á veitingu prestakalla, að almennar prestskosningar verði afnumdar. Álit meiri hluta nefndarinnar tekur að verulegu leyti tillit til þessa sjónarmiðs, þótt þar sé enn haldið möguleika til almennra kosninga, ef verulegur hluti sóknarfólks óskar. Þótt þessi tillaga gangi skemur en Kirkjuþing óskar, er augljóst, að hér er um málamiðlun að ræða, sem vænta má, að nái samþykki. Þess vegna mælir Kirkjuþing með samþykkt þessa frumvarps, meðan Alþingi getur ekki fallist á fyrri ályktanir Kirkjuþings. Þá telur Kirkjuþing rétt að vekja athygli á, að fram hafa komið tillögur um breytta skipan á ráðningu presta til starfa, sem mundu gjöra prestskosningar óþarfar, ef fram næðu að ganga.

Kirkjuþing gjörir eftirfarandi athugasemdir við téð nefndarfrumvarp:

#### A. Um álit meiri hluta nefndarinnar.

1. Kirkjuþing telur varhugavert ákvæði 5. gr., að hægt sé að krefjast almennrar kosningar, **eftir að** kjörmenn hafa lokið kosningu sinni, og telur, að slík krafa verði að koma fram **áður en** kjörmenn ljúki kosningu. Annars er hætta á deilum og úlfúð innan sóknarinnar, ef rifta á kosningu kjörmanna.
2. Kirkjuþing telur nægilegt að ákveða, að allt sóknarfólk, sem náð hefur 17 ára aldri, hafi kosningarrétt við prestskosningar. Óþarft virðist að þrengja þetta ákvæði til samræmis við lög um kosningar til Alþingis.
3. Kirkjuþing bendir enn fremur á, að í frumvarpi Kirkjuþings um sóknir er gjört ráð fyrir fjölgun sóknarnefndarmanna í fjölmennari sóknum. Rétt væri fyrir nefndina að athuga, hvort þær tillögur nægja til að tryggja eðlilegt vægi atkvæða fulltrúa þéttbýlis, þar sem mjög fámenningar sóknir eru í sama prestakalli og þéttbýli.

#### B. Kirkjuþing hafnar þeirri meginstefnu, sem fram kemur í áliti minni hlutans.

### ÁLIT MEIRI HLUTA NEFNDARINNAR

#### 1. Inngangur.

Hinn 20. júlí 1977 skipaði Ólafur Jóhannesson dóms- og kirkjumálaráðherra nefnd til að endurskoða lög um veitingu prestakalla.

Nefndin var þannig skipuð:

Gunnlaugur Finnsson, þáv. alþingismaður, formaður,  
Friðjón Þórðarson, alþingismaður,  
frú Geirþrúður Hildur Bernhöft, cand. theol., Reykjavík,  
frú Guðrún L. Ásgeirsdóttir, Mælifelli, Skagafirði,  
séra Sigurður H. Guðmundsson, sóknarprestur, Hafnarfirði.

Starfsmaður nefndarinnar var Þorleifur Pálsson, deildarstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Nefndarskipun þessi kom í kjölfar allmikilla umræðna á Alþingi 1975—1976 og 1976—1977 vegna þingsályktunartillögu þess efnis, að Alþingi kysi nefnd til að endurskoða lög um veitingu prestakalla frá 1915, sem flutt var á báðum þessum þingum, en hlaut ekki afgreiðslu. Umræður þessar snerust ekki aðeins efnislega um tillöguna, heldur og almennt um málið og voru skoðanir skiptar.

Enn fremur hafði frumvarpi því, sem menntamálanefnd efri deildar flutti á Alþingi 1973—1974 og síðar verður getið, verið vísað til ríkisstjórnarinnar.

Kirkjuþing hefur og látið málið til sín taka og knúið á um breytingar. Var sérstaklega fjallað um það á fyrstu fjórum þingunum 1958 til 1964, sem og þremur hinum síðustu.

Nefndin tók til starfa 19. september 1977 og hélt sameiginlega fundi. Hún kallaði á fund sinn starfsháttanefnd þjóðkirkjunnar og millipinganefnd kjörna af kirkjuþingi. Hún skilaði álit 14. nóvember 1978.

## 2. Sögulegt yfirlit.

Veiting prestakalla á umliðnum öldum hefur verið með ýmsum hætti. Í rómverskum sið var veiting almennt talað í höndum biskupa, með nokkrum undantekningum þó. Þannig höfðu erkibiskupar heimild til veitingar í vissum tilfellum og hinir gildari bændur, svo og höfðu þeir, sem kirkjur létu gera á jörðum sínum, gjarnan tillögurétt um veitingu embætta við heimakirkjur.

Við siðaskiptin hverfur landskirkjan rómverska úr sögunni og samband ríkis og kirkju gjörbreytist. Til grundvallar lá sú hugsun að fela þeim mönnum kirkjunnar, sem veraldlega stjórnsýslu önnuðust hvort sem var, hina veraldlegu stjórn kirkjunnar sem stofnunar. Í raun varð reyndin hins vegar sú, að kirkjan varð ríkiskirkja, stofnun innan ríkisins.

Í kirkjuskipaninni var gert ráð fyrir vali sóknarbænda á prestum, þótt ekki kæmist það til framkvæmda, heldur var veitingin fyrst og fremst í höndum biskupa, síðar amtmanna, eða amtmanna og biskupa, en konungur gat þó sjálfur veitt embætti eftir eigin höfði í krafti yfirstjórnar sinnar.

Með konungsbréfum frá 1737 og 1740 tekur konungur sér í framkvæmd veitingavald það, er forðum var í höndum erkibiskupa, með nokkurri útvíkkun þó. Miðlungsembætti hvað tekjur snertir, skyldu veitt af stiftamtömonnum, að tillögum biskupa, en konungur staðfesti veitinguna. Slíka staðfestingu þurfti hins vegar ekki, væru embætti rýr.

Eftir Júlíbyltinguna í Frakklandi 1830, fór mikil ólga um Norðurálfu. Leiddi þetta til afnáms erfðaveldis í Danmörku og stjórnarskrárlaganna 1849. Til grundvallar lá sú skoðun, að fólkíð væri ríkið. Fram kemur á þessu tímabili nýtt hugtak, hugtakið þjóðkirkja. Í hugtakinu fólst í senn aðgreining frá ríkiskirkjufyrirkomulaginu og áhersla á sjálfstæði kirkjunnar. Með stöðulögum 1871 og stjórnarskránni 1874 er hugtakið lögfest og hverfur þá ríkiskirkjufyrirkomulagið úr sögunni. Í kjölfar stjórnarskrárlaganna 1849 kom tilskipun frá 14. maí 1850, þar sem kveðið er á um, að biskup og stiftamtmaður skuli í sameiningu veita rýr og miðlungs embætti, en kirkjumálaráðherrann danski úrskurða, ef þeim kæmi ekki saman.

Með tilskipun frá 15. desember 1865 er svo kveðið á, að stiftamtmaður veiti embætti, sem metin séu til árslauna undir 700 rd., enda leiti hann staðfestingar konungs, nema á hinum rýrustu. Önnur embætti veitti konungur sjálfur. Valdi stiftamtmanns var svo framvísað í hendur landshöfðingja með auglýsingu dagsettri 3. október 1884.

8. janúar 1886 eru sett lög um prestskosningar, þar sem ákveðið er, að söfnuðir sjálfir kjósi presta. Skal landshöfðingi með ráði biskups velja 3 úr hópi umsækjenda, sem kosið skal um. Væru umsækjendur hins vegar þrír, skyldi kjósa um tvo þeirra. Kosningaaldur var 25 ár. Lögmat kosning var bundin við, að einn umsækjandi fengi helming greiddra atkvæða, en veitingavaldið óbundið ella, enda hafi helmingur atkvæðisbærra manna eða fleiri, kosið. Kosning skyldi fara fram jafnt þó að umsækjandi væri einn.

Með lögum nr. 28 16. nóv. 1907 var sú breyting gerð á lögum þessum, að kosið skyldi milli allra umsækjenda, og með lögum nr. 32 frá 3. nóv. 1915, er sú breyting gerð að kjörstaðir skuli vera í hverri sókn, en hafði verið einn fyrir allt prestakallið áður. Þessi lög eru enn í gildi með breytingu, sem samþykkt var á Alþingi 1941, þess efnis að raða megi kjósendum eftir götunöfnum, í stað þess að raða þeim niður eftir stafrófsröð.

Ekki voru menn á eitt sáttir um ágæti þessara laga. Fóru snemma að heyrast óánægjuraddir og 1930 er lagt fyrir Alþingi lagafrumvarp dómsmálaráðherra, þar sem gert er ráð fyrir breyttri skipan á kosningu og köllun á presti geti átt sér stað. Frumvarpinu var vísað til annarrar umræðu og allsherjarnefndar, en kom ekki þaðan. Frumvarp þetta var endurflutt 1931, en fékk sömu afgreiðslu.

1941 flutti Magnús Jónsson frumvarp til laga, þar sem áhersla er lögð á köllunarrétt safnaða. Frumvarpinu var vísað til 2. umræðu og menntamálanefndar, sem ekki skilaði álit.

1945 flutti menntamálanefnd Alþingis, að beiðni kirkjumálaráðherra, frumvarp til laga um veitingu prestakalla. Frumvarpið var aldrei tekið á dagskrá.

1946 fluttu Gylfi P. Gíslason og Sigurður Bjarnason frumvarp til laga um veitingu prestakalla, þar sem gert var ráð fyrir því að forseti Íslands skipi presta íslensku þjóðarinnar. Frumvarpinu var vísað eftir nokkrar umræður til menntamálanefndar. Nefndarálit kom ekki og málið var ekki tekið aftur á dagskrá. Sömu útreið fengu sams konar frumvörp, flutt af sömu mönnum 1947 og 1949.

1952 fluttu Magnús Jónsson, Sigurður Bjarnason og Jónas Rafnar tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga um veitingu prestakalla. Tillögunni var vísað til síðari umræðu og allsherjarnefndar. Nefndarálit kom ekki og tillagan var ekki á dagskrá tekin fram.

1962 flutti menntamálanefnd að beiðni kirkjumálaráðherra frumvarp til laga um veitingu prestakalla. Þar er gert ráð fyrir því að sóknarnefndarmenn og safnaðarfulltrúar kjósi prest. Frumvarpinu var vísað til 2. umræðu og menntamálanefndar. Nefndarálit kom ekki og var málið ekki tekið aftur á dagskrá. Sömu sögu er að segja um sams konar frumvarp að stofni til, sem flutt var af sömu aðilum 1964.

1972—1973 er enn á ferðinni frumvarp svipaðs eðlis, flutt af menntamálanefnd, að beiðni dóms- og kirkjumálaráðherra. Var með frumvarpinu birt skrá um fjölda umsækjenda um prestaköll, sem sótt hafði verið um frá árinu 1965. Kom þar fram, að af þeim 55 skiptum, sem um var að ræða, hafði í 42 tilfellum verið um 1 umsækjanda að ræða, en í 13 tilfellum 2 eða fleiri. Frumvarpið var ekki útrætt. Frumvarpið var endurflutt á þinginu 1973—1974 og var þá vísað til ríkisstjórnarinnar.

### 3. Vinnubrögð nefndarinnar.

Nefndin ákvað í upphafi að viðhafa þau vinnubrögð að kynna sér á hvern hátt veitingu prestakalla fer fram á Norðurlöndum og í annan stað að láta fara fram skoðanakönnun meðal allra sóknarnefndarmanna og safnaðarfulltrúa á Íslandi um ákveðin efnisatriði, sbr. fylgiskjal II.

Samkvæmt ályktun Kirkjubings 1960 var leitað til héraðsfunda í landinu um álit á frumvarpi, sem fyrir því þingi lá um nýskipan þessara mála. Svör bárust frá 13 héraðsfundum á árunum 1961 og 1962 og voru á þann veg, að 1 fundur vildi óbreytt fyrirkomulag, 4 vildu afnema allar kosningar, 6 studdu frumvarp það, sem fyrir Kirkjubingi lá, 2 vildu vísa breytingartillögum til almennings.

Þær raddir höfðu heyrst, að könnun þessi hafi ekki verið nógu víðtæk. Enn fremur má á það líta að á Alþingi 1977 kom fram tillaga um að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort afnema skuli beinar og almennar prestskosningar. Nefndin taldi sig koma til móts við þessar raddir með því að framkvæma svo víðtæka könnun og vonaðist til, að hún yrði marktæk og leiðbeinandi fyrir nefndina við mótun endanlegrar afstöðu hennar.

### 4. Fyrirkomulag á Norðurlöndum.

Í rómverskum sið og framan af eftir siðaskipti var veiting prestsembætta með líku sniði á Norðurlöndum og á Íslandi. Próun mála var hins vegar nokkuð með öðrum hætti, einkum eftir að fram í sótti.

Í Danmörku og í Noregi er fyrirkomulagið nú á þann veg, að umsækjendur um prests-embætti senda umsóknir sínar til kirkjumálaráðuneytanna, sem sendir þær viðkomandi safnaðarráðum. Safnaðarráð greiðir atkvæði um umsækjendur og sendir niðurstöður til viðkomandi biskups, sem sendir kirkjumálaráðuneyti ásamt umsögn, en ráðherra veitir.

Í Svíþjóð skiptast á almennar safnaðarkosningar, líkt og hér nú, og bein veiting. Með því er reynt að gefa veitingavaldinu möguleika á að færa menn til í embættum eftir því, sem þörf er á.

Finnland hefur sérstöðu meðal Norðurlanda, hvað snertir samband ríkis og kirkju og samanburður hvað veitingu prestsembætta áhrærir því ekki raunhæfur.

### 5. Framkvæmd og niðurstaða skoðanakönnunar.

Sendir voru spurningaseðlar til sem næst 1070 sóknarnefndarmanna og safnaðarfulltrúa. 621 seðill barst nefndinni aftur og voru 597 gildir en 24 auðir og ógildir.

Sýnishorn af spurningaseðli er á fylgiskjali I og bréf er sent var með seðlinum á fylgiskjali II.

Niðurstaða skoðanakönnunar var sem hér segir:

Nr. á spurningu	A	B
sjá fylgiskjal I		
1.	267	51
2.	115	123
3.	76	113
4.	104	176

(Merkja átti með bókstafnum A við þann kost er viðkomandi taldi bestan en með bókstafnum B við næstbesta kostinn, sbr. fylgiskjali II.)

328 vildu heimila köllun, en 209 voru á móti.

Nefndin gerði nokkra athugun á því, hvað menn töldu næstbesta kostinn og hvort fylgni væri milli vals á einstökum kostum og þess hvort heimila ætti köllun. Þar kom m. a. þetta fram.

Af þeim sem vildu óbreytt form, þ. e. völdu 1. kostinn, vildu 92 taka upp köllun. Af þeim sem vildu óbreytt form töldu 109 4. kostinn næstbestan en 72 töldu 2. kostinn, þ. e. beina veitingu, næstbestan.

Ekki er einhlítt, hvernig túlka ber niðurstöðuna og geta skoðanir um það verið skiptar.

Á það má benda annars vegar, að sá kosturinn, að viðhalda óbreyttu ástandi fær flest atkvæði, og hins vegar, að þeir, sem vilja breytingu, eru fleiri, þótt misjafnt sé, að hverju þeir vilja hverfa. Afgerandi meiri hluti virðist þó vera fyrir því, að heimild til köllunar verði upp tekin.

### 6. Niðurstaða meiri hluta nefndarinnar.

Nefndin varð ekki sammála um niðurstöður. Guðrún L. Ásgeirsdóttir skilar sértillögum um breytingar á l. nr. 32 frá 3. nóv. 1915. Meiri hluti nefndarinnar, Friðjón Þórðarson, Geirþrúður Hildur Bernhöft, Gunnlaugur Finnsson og Sigurður H. Guðmundsson, telur, að forsendur séu brostnar fyrir því, að almennar prestskosningar verði undantekningarlaus aðalregla við veitingu prestakalla. Vísast þar m. a. til þess, sem áður kemur fram um fjölda umsækjenda við prestskosningar, svo sem fram kemur í fylgiskjali með frv. 1972—1973. Síðan sú skýrsla var samin hafa prestskosningar farið fram 50 sinnum og í 37 skipti hefur umsækjandi verið einn en í 13 skipti 2 eða fleiri. Er það svipað hlutfall og á árunum 1965—1973 og má segja, að valið sé á milli manna í eitt skipti af hverjum fjórum.

Meiri hluti nefndarinnar taldi rétt að semja frv. að nýju, þar sem tekið væri upp einfaldara form við val á presti, en nú er lögum samkvæmt, án þess þó að færa ákvörðunarvald úr héraði.

Frumvarp meirihlutans gerir í fyrsta lagi ráð fyrir því, að kjörmenn, sem eru sóknarnefndarmenn og prófastur hlutaðeigandi prófastsdæmis, velji prest. Er hér lagt til grundvallar frv. Kirkjuþings, en á því gerðar nokkrar breytingar. Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að heimild til köllunar verði upp tekin. Er það í samræmi við samhljóða vilja Kirkjuþings og samkvæmt skoðanakönnuninni.

Hér er þó gert ráð fyrir því, að köllun verði tímabundin í mesta lagi til fjögurra ára í senn. Verður að telja það eðlilegt með tilliti til þess, að við köllun fái aðrir, sem eiga rétt á að sækja um prestsembættið, ekki tækifæri til að sækja um brauðið.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því, að 25 af hundraði sóknarbarna geti krafist kosningar og á þann veg komið til móts við þá, sem ekki vilja afnema prestskosningar.

Ekki þótti rétt að láta hin gömlu lög frá 1915, sem að stofni til eru frá 1886, gilda um kosningar heldur vísa til almennra kosningalaga um framkvæmd þeirra, en semja sérstakan kafla um það, sem afbrigðilegt er, þegar um kosningar er að ræða á vegum safnaða.

Nefndin sendi drög að frumvarpi meirihlutans og breytingartillögur minnihluta nefndarinnar til umsagnar Kirkjuþings 1978 og fylgir umsögnin á sérstöku fylgiskjali. Meirihluti nefndarinnar féllst ekki á að gera breytingar á frumvarpinu skv. 1. lið athugasemda Kirkjuþings. Tengist sú afgreiðsla ákvörðun nefndarinnar að því er varðar 3. lið og síðar verður að vikið.

Athugasemdir varðandi 2. lið tók nefndin að mestu til greina og hefur fellt þær inn í frumvarpið. Nefndin fellst á, að kosningarréttur til prestskosninga sé rýmri en í kosningum til Alþingis og sveitarstjórna, og er það í samræmi við gildandi lagaákvæði.

Nú hafa þeir atkvæðisrétt við prestskosningar, sem atkvæðisrétt hafa á safnaðarfundum, en það eru þeir, sem skráðir eru í þjóðkirkjunni og búsettir eru í prestakallinu, þótt þeir hafi ekki íslenskan ríkisborgararétt, og þeir, sem eru lögráða, þótt þeir hafi ekki náð 20 ára aldri (þ. e. verða lögráða við stofnun hjúskapar). Þá er ekki talið eðlilegt, að kirkjan svipti þá áhrifum í kirkjulegu starfi, sem með dómi eru sviptir kosningarrétti og kjörgengi til Alþingis og sveitarstjórna.

Nefndin féllst á, að lækka kosningaaldur í 18 ár og binda kosningarrétt þá alfarið við aldur. Nefndin tekur fram, að með þessu viðhorfi er hún ekki að taka afstöðu til þess, hvort lækka eigi kosningaaldur almennt, þar sem hún telur eðlismun á því, hvort verið er að taka ákvarðanir innan safnaðar og kjósa starfsmann annars vegar eða hvort verið er að framselja vald með kosningu fulltrúa í sveitarstjórn eða á Alþingi hins vegar.

Varðandi 3. lið athugasemda Kirkjuþings leggur nefndin áherslu á, að forsendur fyrir fjölda kjörmanna sbr. 2. gr. er, að jafnhliða lögfestingu þessa frumvarps verði lögfest frumvarp kirkjuþings 1978 um kirkjusóknir.

Ljóst er, að í nokkrum tilvikum verða áhrif fulltrúa þéttbýlisstaða óeðlilega lítil miðað við fulltrúafjölda nærliggjandi sókna. Er hér einkum um að ræða eftirtalda þéttbýlisstaði: Borgarnes, Stykkishólm, Dalvík, Höfn í Hornafirði og Selfoss. Er þó ekki fulltalið.

Nefndin lítur svo á, að prestakall sé félagsleg heild og að saman fari hagsmunir fjölbýlli sem fámennari sókna við sameiginlegt val á presti. Forsendur séu því ekki fyrir hendi um togstreitu milli þéttbýlis og strjálbýlis. Komi það hins vegar á daginn, að vinnubrögð kjörmanna teljist í einhverju tilliti óeðlileg, geta sóknarbörn að loknum störfum kjörmanna hnekkst niðurstöðu þeirra með kröfu um kosningar.



## 1.7. Álit minni hluta nefndarinnar.

### Tillögur

#### um breytingar á lögum um veitingu prestakalla.

Minnihluti nefndar um endurskoðun laga um veitingu prestakalla ályktar, að eftirfarandi breytingar skuli gerðar á lögum um veitingu prestakalla nr. 32 3. nóv. 1915:

1. gr. Fyrri hluti fyrstu málsgreinar orðist svo: Þegar prestakall losnar og prestur er eigi kallaður til embættisins sbr. 22. gr., auglýsir biskup það . . .

2. gr. Nöfnum kjósenda skal ráðað eftir stafrófsröð eða heimilisfangi skv. manntali. Viðauki greinarinnar nr. 27 27. júní 1941 falli niður.

5. gr. Eftirfarandi setning falli niður: „Svo leggur landsstjórnin til . . . „ónotaðir og ónýttir seðlar“.“

11. gr. Fyrsta málsgrein falli niður. Í staðinn komi: Þeir, sem neyta vilja atkvæðisréttar síns, en geta ekki sótt kjörfund vegna fjarvista á kjördegi, skulu eiga þess kost að greiða atkvæði utan kjörfundar. Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fer fram hjá sóknarnefndarformanni eða prófasti síðustu tvær vikur fyrir kjördag. Kirkjumálaráðuneytið skal láta prenta atkvæðaseðla fyrir utankjörstaðaratkvæðagreiðslu. Á kjörfundi ganga kjósendur . . .

13. gr. Falli niður.

14. gr. verði 13. gr. og orðist svo: Enda þótt kærufrestur yfir kosningu skuli vera allt að 3 dagar, skal talning atkvæða fara fram þegar að kosningu lokinni. Sóknarnefnd í hverri sókn færir formanni yfirkjörstjórnar atkvæðakassa, afrit gerðabókar, umsóknargögn öll og umsögn sína um kærur, ef fram eru komnar. Berist kærur síðar, skal yfirkjörstjórn einnig fjalla um þær, en úrskurði hennar má vísa til kirkjumálaráðherra.

15. gr. verði 14. gr. og orðist svo: Yfirkjörstjórn skipa héraðsprófastur, en til kvaddur nágrannaprófastur, ef viðkomandi prófastur er meðal umsækjenda, og 2 menn aðrir, er héraðsfundur prófastsdæmisins kýs til 4 ára í senn og jafnmarga varamenn.

16. gr. verði 15. gr.

17. gr. verði 16. gr. og orðist svo: Hafi helmingur kjósenda í prestakallinu greitt atkvæði í prestskosningunni, er sá rétt kjörinn prestur, sem flest atkvæði hlýtur, og fær hann veitingabréf ráðherra.

18. gr. verði 17. gr. Aftan við hana bætist: Veitingu fyrir prestakalli getur enginn fengið nema meirihluti atkvæðisbærra manna hafi tekið þátt í henni.

18. gr. Óheimilt er að setja prest eða kandídat í prestsembætti nema prestakallið sé fyrst auglýst með a. m. k. tveggja mánaða fyrirvara, enda þótt prestakallið hafi verið prestlaust í ár eða meira og enginn sótt um það síðast, er það var auglýst. Skylt er að auglýsa óveitt embætti innan þjóðkirkjunnar árlega.

20. gr. Orðin „þó eigi undir 20 kr.“ falli niður. Sömuleiðis síðasta málsgrein gr.

22. gr. Sóknarnefndum ásamt safnaðarfulltrúum er heimilt að kalla prest, er prestakall losnar. Ef  $\frac{2}{3}$  sóknarnefndarmanna og safnaðarfulltrúa eru einhuga um að kalla tiltekinn prest eða guðfræðikandídat til starfa án umsóknar, er kvatt til safnaðarfunda í hverri sókn prestakallsins í samráði við prófast, sem tilkynnir biskupi um það. Skal fundarefni auglýst í fundarboði. Samþykkti meirihluta atkvæðisbærra manna í prestakallinu köllunina á fundunum, skal biskup birta hana þeim presti eða kandídat, sem í hlut á. Taki hann köllun, skal veita honum embættið tímabundið, eigi skemur en 4 ár í senn. Hljóti viðkomandi ekki tilskilið fylgi eða taki hann ekki köllun, skal prestakallið auglýst og efnt til almennra kosninga.

### Greinargerð

#### með álitni minni hluta nefndar um endurskoðun laga um veitingu prestakalla.

2. gr. Óeðlilegt er, að aðrar reglur gildi um kosningar í þéttbýli en dreifbýli, enda augljóst hagræði að raða nöfnum á kjörskrá eftir manntali, en þar eru bæjarnöfn í stafrófsröð.

5. gr. að hluta til og 13. gr. falla niður, þar sem atkvæðakassar fari beint til yfirkjörstjórnar heima í héraði.

11. gr. Það hlýtur að teljast takmörkun á kosningarrétti, að ekki skuli nú heimiluð utankjörstaðaratkvæðagreiðsla í prestskosningum.

14.—15. gr. sem verða 13.—14. gr. Þar sem heimilt er að telja strax atkvæði við alþingis- og sveitarstjórnakosningar, sýnist undarleg ráðstöfun, að atkvæðatalning í prestskosningum skuli dregin um 3—4 daga. Hitt er einnig furðulegt, að yfirkjörstjórn skuli ekki skipuð prófasti og heimamönnum, heldur biskupi og mönnum í Reykjavík. Skal lögð áhersla á, að atkvæðatalning í prestskosningum fari fram þegar að lokinni kosningu, er atkvæði hafa borist á einn stað, sem yfirkjörstjórn ákveður hverju sinni, enda sé hann í viðkomandi prestakalli.

18. gr. sem verði 17. gr. Prestskosning, þegar umsækjandi er aðeins einn, er venjulega til málamynda og honum veitt kallið, þótt ýmist sé þátttaka lítil (Vestmannaeyjar voruð 1961) eða auð atkvæði verði til þess að gera kosningu lögmæta (Vallanes 1966). Þetta fyrirkomulag hefur orðið til þess að gera prestskosningar ólýðræðislegar og síður marktækar.

18. gr. Nauðsynlegt er, að lögfest sé, að hvert óveitt embætti skuli árlega auglýst laust til umsóknar með svo löngum fresti, að öruggt sé, að vitneskja berist í tæka tíð til afskekkttra prestssetra. Mikil brögð eru að því, að Lögbirtingablaðið komi svo seint út á land, að umsóknarfrestur sé nær útrunninn. Skrá um lausu embættin ætti einnig að senda í kennslustofu guðfræðideildar háskólans.

22. gr. Að því er séð verður færast nú í það horf, að stöður hjá hinu opinbera eru ekki veittar svonefndri æviráðningu. Er sú skipan kemst á um embættisveitingar ríkisins yfirleitt, er sjálfgert, að æviráðningar presta leggist af, og þá ekki síður skipun biskups. En telja verður galla á kosningalögum, þar sem kosning gildir til ófyrirsjáanlegrar framtíðar. Væri t. d. hæfilegt, að prestar fengju veitingu til 4—6 ára í senn, en endurkosning mikil traustsyfirlýsing og tvímælalaust aflvaki þjónustu og kirkjulífs. Að hinu leytinu er æskilegt, að prestar þjóni ekki allt of lengi sama prestakalli og gefst þá kjörið tækifæri til að skipta um brauð, er veitingartíminn rennur út.

Í miklum umræðum um prestskosningar undanfarin ár hafa raddir verið háværar bæði með og á móti. Einkum hafa þó yfirmenn kirkjunnar og ýmsir prestar hennar verið andvígir kosningunum og viljað afnám þeirra. Virðast þeir þjónar kirkjunnar hafa gleymt þjónustuhlutverkinu, er þessi mál voru rædd, enda aðrir andstæðingar prestskosninga látið sem prestarnir séu aðalatriðið, jafnvel sem þeir séu sjálf kirkjan. En þar í liggur hinn afleiti misskilningur, sem hefur komið þvílíku róti á hugi sumra manna, að þeir vilja svipta flesta þegna lýðveldisins hluta lýðræðislegra kosninga. Söfnuðurinn er félag innan íslensku þjóðkirkjunnar, sem einstaklingurinn getur gengið í eða sagt sig úr, því að á Íslandi ríkir trúfrelsi. Þegar söfnuðurinn kys sér prest, er hann að kjósa sér leiðtoga, líkt og gert er í öðrum félögum, og er þá venjulega kosinn sá maður, sem flestir félagsmenn vilja standa saman um.

Lög um kosningu presta eru frá 1886 og er fróðlegt að lesa þingskjöl frá áratugunum þar á undan. Barist var fyrir þessari þörfu breytingu langa hríð, en áður veitti konungur og stiftsýfirvöld brauðin. Þegar litið er svo langt til baka með gát, getur hver réttþugsandi

maður séð, hvílk afturför væri, ef þessi réttindi yrðu af tekin, þótt ekki beri yfirvald kirkju lengur tignarheitið konungur. Eða því er ekki rætt um að afnema aðrar kosningar íslenska lýðveldisins um leið? Hik alþingismanna gagnvart kröfu Kirkjubings um afnám prestskosninga eykur vonir um, að enn veljist réttlátir og frjálshuga menn í forystulið þjóðarinnar. Hvernig eiga líka 60 alþingismenn að geta svipt 150 þús. safnaðarmenn kosningarrétti? Örlítil hluti almennings stendur á bak við frumvarp Kirkjubings, og ekki hefur álit héraðsfunda verið einróma móti kosningum, þótt stundum sé það látið í veðri vaka.

Andstaða við ágæti tillögu fyrrv. alþingisforseta um þjóðaratkvæði er greinileg hræðsla fárra manna við að láta vilja þjóðarinnar koma í ljós. Þeir þora ekki að leggja málið undir dóm fólksins í landinu, heldur vinna bak við tjöldin við að rífa niður það, sem upp byggt var.

Gott samstarf prests og safnaða er undirstaða kristnilífs og kristilegrar menningar í landinu. Leyfi ég mér að vitna í umsögn ástsæls biskups, herra Sigurgeirs Sigurðssonar, en hana er að finna í fskj. II í þingskjali nr. 86 frá árinu 1947 og segir þar:

„Ennfremur er á það minnst, að engum embættismanni ríkisins er það slík lífsnauðsyn, ef starfið á að bera árangur, að eiga traust og tiltrú fólksins eins og einmitt prestunum. Án slíks trausts er og hlýtur starf þeirra að verða ófullnægjandi. Þess vegna tel ég, að sérstök ástæða sé fyrir hendi til þess að koma í veg fyrir það, að söfnuðum verði skipaður sá prestur, sem ekki er vitað um, að meiri hluti safnaðar muni bera traust til eða geti að minnsta kosti sæmilega sætt sig við. Þessu mikilsverða marki verður naumast náð nema með því, að söfnuðirnir sjálfir hafi verulega íhlutun um það, hvaða prest þeir hverji sinni fá sér skipaðan.

Enn kemur það til, að jafnan eru uppi misjafnar stefnur í trúmálum, og er á þeim vettvangi deilt eigi síður en á öðrum sviðum, og skiptast menn þar og í flokka eða móti. Nú mun það svo, að í hinum ýmsu prestaköllum landsins geta menn í einu einkum fylgt þessari trúarstefnu, en í öðru hinni. Sýnist því eðlilegast og farsælast að fólkið fái sjálft að velja sér þann umsækjendanna, er það telur sér vera best að skapi í trúarskoðunum.“

Í yfirlýsingu guðfræðinema frá fundi þeirra 5. des. 1977 segir, að ekki hafi verið aðalsmerki kirkjunnar að fara með ófriði. En einhver kynni að spyrja, er það ekki einmitt vilji meirihluta Kirkjubings? Að segja söfnuðunum stríð á hendur, svipta þá rétti sínum og færa veitingu prestakalla aftur til hins neikvæða og bága tíma í þjóðfélaginu, þegar prestskosningar voru lagðar niður 1692. Væri það illa farið, og eru því vonir almennings í þessu máli bundnar skynsemi og einurð alþingismanna.

Andstæðingar prestskosninga færa gjarnan þau rök, að gallar séu miklir á framkvæmd kosninganna, jafnvel meiri en annarra kosninga. Áunnum göllum, rógi og illu umtali má eyða með ákveðnari reglum í siðalögmáli presta (codex ethicus). Þá kröfu má sannarlega gera til forvígismanna kristninnar í landinu, að þeir virði hver annan og sýni góðan vilja sinn í verki. Gætu prestskosningar orðið fyrirmynd annarra almennra kosninga.

Vankantar eru ýmsir á lögunum um veitingu prestakalla og fylgja hér með tillögur um breytingar á þeim, en fleiri smávægilegar orðalagsbreytingar og styttingar þurfa raunar til að koma. Endurskoðun laganna hefur nefnd sú með höndum, er kirkjumálaráðherra skipaði 20. júlí 1977 og undirrituð á sæti í. Skoðanakönnun, sem nefndin gerði í nóv. s. l. meðal sóknarnefndarmanna og safnaðarfulltrúa, sýndi ótvírætt, að þeir, sem kjörnir eru til starfa í söfnuðunum, vilja, að safnaðarmenn ráði sjálfir vali presta sinna.

Bið ég því háttvirta alþingismenn að taka þessar breytingartillögur við lög um veitingu prestakalla til gaumgæfilegrar íhugunar og bið þá virða vilja mikils meirihluta þjóðarinnar um, að þau mikilvægu lýðréttindi, sem prestskosningar eru, megi haldast.

Reykjavík, 25. okt. 1978.

Guðrún L. Ásgeirsdóttir.